

Fagnaðarboði

En leitið fyrst ríkis
Hans og réttlætis, og
þá mun -allt þetta
veitast yður að auki.

Opinberun Jóhannesar

Opinberun Jesú Krists, sem Guð gaf Honum, til að sýna þjónum sínum það sem verða á innan skamms. Og Hann sendi engil sinn, og lét Hann tákna það fyrir Jóhannesi, þjóni sínum, honum sem bar vitni um Orð Guðs og um vitnisburð Jesú Krists, um allt það er hann sá. Sæll er sá, er les, og þeir sem heyra Orð spádómsins og varðveita það sem ritað er í honum, því að tíminn er í nánd.

Jóhannes til safnaðanna sjö, sem í Asíu eru. Náð sé með yður og friður frá Honum, sem er og var og kemur, og frá öndunum sjö, sem eru frammi fyrir háseti Hans, og frá Jesú Kristi, Honum sem er trúr vottur, Honum sem er frumburður dauðra, og Honum sem er höfðingi yfir konungum jarðarinnar; Honum sem elskaði oss og leysti oss frá syndum vorum með Blóði sínu. Og Hann gjörði oss að konungsríki og að prestum, Guði sínum og Föður til handa. Honum sé dýrð og máttur um aldir alda, Amen.

Sjá, Hann kemur í skýjunum, og hvert auga mun sjá Hann, og jafnvel þeir, sem stungu Hann, og allar kynkvíslir jarðarinnar munu kveina yfir Honum. Vissulega Amen. Ég er Alfa og Ómega, segir Drottinn Guð, Hann sem er og var og kemur, hinn Alvaldi.

Ég, Jóhannes, bróðir yðar og félagi í þrengingunni og Konungsríkinu og þolinmæðinni í samfélaginu við Jesúm, var á eyinni, sem Patmos heitir, fyrir sakir Orðs Guðs og vitnisburðar Jesú. Ég var hrifinn í Anda á Drottins degi, og heyrði að baki mér raust mikla, sem lúður gylli, er sagði: Rita þú í bók það sem þú sér, og send það söfnuðunum sjö, til Efesus, og til Smýrnu, og til Pergamos, og til Þýatíru, og til Sardes, og til Filadelfíu og til Laódíkeu. Og ég snéri mér við til að sjá, hvaða raust það væri, sem við mig talaði; og er ég snéri mér við, sá ég sjö gulljósa-stikur, og milli ljósastíknanna einhvern, líkan Manns-syni, klæddan dragkyrtli og spenntan gullbelti um bringuna, en höfuð Hans og hár var hvítt, eins og hvít ull, eins og mjöll; og augu Hans eins og eldslogi; og fætur Hans líkir glómálm, sem í ofni brennanda, og raust Hans sem raust margra vatna. Og Hann hafði í hægri hendi sér sjö stjörnur, og af munni Hans gekk út tvíeggjað sverð biturt; og ásjóna Hans var sem sólin skínandi í mætti sínum. Og er ég sá Hann, féll ég fyrir fætur Honum, sem dauður væri, og Hann lagði hægri hönd sína yfir mig og sagði: Vertu ekki hræddur, ég er hinn fyrsti og hinn síðasti og hinn lifandi; og ég var dauður, en sjá, lifandi er ég um aldir alda; og ég hefi lykla dauðans og Heljar. 1. kap. 1—18.

Úr bókinni

»Daniel og Musterið«

eftir Sigurð Sigvaldason.

Útdráttur á útskýringum á 1. kap. Opinberunarb.

„Guð gaf Jesúm Kristi þessa opinberun, til þess að sýna Hans lærisvein hvað koma ætti fram í Orðinu innan skamms, og Herrann Jesús sendi engil sinn til að kunngjöra Jóhannesi hina sömu boðan. Drottinn segir mér, að Jóhannesi hafi verið sýnd þessi virðing eftir þriðja Orðinu á Krossinum: „Sjá, þar er þinn sonur; sjá, þar er þín móðir.“

Þá mundi Herrann Jesú verða bróðir Jóhannesar hér í St. Maríu viðkvæmni, í þessari miklu og dásamlegu opinberun, sem sýnir vinnuna í Krists brúður til þúsund ára ríkisins; fyrri upprisuna; um þúsund ára ríkið; svo litla tímabilið; veraldar endir; seinni upprisuna og dóminn: Hina nýju Jerúsalem; nýja sköpun; og byrjun eilífdar. Opinberunin til brúðurinnar virðist því í alla staði fullkomin, og er mjög huggandi virðing til vor, sem knýr oss til að rannsaka hana í það ýtrasta. Bera skyldi saman Matt. 24, 36. við þessa opinberun.

Jóhannes fullvissar oss um, að hann hér með kunngjöri oss nákvæmlega um Guðs Orðið í vitnisburði Jesú Krists til hans, og jafnvel um allt er hann sá, sem sýnir oss hans miklu nákvæmni og ætti að vekja oss til sannrar virðingar í Orðinu. „Sæll er sá er les, heyrir og varðveitir Orð spádómsins.“ Hér sýnir Drottinn oss, hvernig vér eigum að lesa! Sá sem les í belg og biðu, hann hefir engin spádóms Orð að varðveita, því hann rannsakar ekki Orðið. Orðsk. 2. 1—6.

Í þessari miklu opinberun átti að koma viðvör, sem var lífs nauðsynlegt að skilja, og tíminn var í nánd, bæði fyrir þá, sem deyja árlega, og jafnvel fyrir enda veraldar, því engin vissi betur, en Herrann Jesús, sem leið allar kvalirnar fyrir oss, hvað endalaus eilífð meinti fyrir oss óhreina og fávitra menn. Átti ekki að sýna kvölum Hans virðing og hagnýta sér náð-

armeðulin í Orðinu? Gjörum nú rögg á oss og vöknum til iðrunar. Á ekki brúðurinn að taka á móti Brúðgumanum? Á hún ekki að vera vel að sér í Hans Orði, og Hans nákvæmu viðkvæmni? Berum oss saman við félagsskap Himnaríkis og bústaðinn, sem bíður vor, ef Hann miskunnar sig yfir oss. — Eftir dauðann er Herrann Jesús dómari vor. Hann sér þá sem koma upp til vinstri handar og fara eilíflega illa. Oss ber að óttast. Matt. 25. 41. Orð spádómsins voru gefin í allri viðkvæmni, þeim sem þjóna og elska sinn Herra, Jesúm Krist, og áttu því að vera rannsökuð og varðveitt fyrir komandi tíð. „Jóhannes til safnaðanna sjö, sem í Asíu eru.“ Herrann Jesús var ljós veraldar út frá Asíu, með fæðing, kenning, verkum, lærisveinum, krossfesting, upprisu og uppstigning. Hann er þar einnig kallaður „Dagbrunnur“ af hæðum til vor.

Náð og friður sé einnig frá Jesú Kristi, hinu trúna vitni í Orðinu. Hann var Orðið í upphafi og kom nú til vor í vitnisburði Orðsins og þess sannleika, þar sem lýgi getur ekki átt sér stað. Himinn og jörð eiga að farast í eldi, en Hans Orð vara að eilífu. Vér segjum því óðara, já og Amen við öllu, er vér heyrum af Hans vörum. „Frumburður dauðra,“ sá fyrsti og sá eini, sem enn er af jörð upprisinn. Þetta þurfa andatrúarmenn að vita. Elía og Enok stigu upp til himna, og Móse var af Guði grafinn, og jafnvel að þessum þremur höfum vér engan aðgang, því þeir birtust á fjalli. En Herrann Krist getum vér heyrt daglega. Jóh. 10. 27.

Hárið var hvítt sem mjöll, af kvölunum; Heilags Anda hrein og þóknanleg höfuð dýrð, — augun sem eldslogi, Hann hafði fylgt Föðurnum í eldi Andans, og var snæljós í nákvæmni, greind og eftirtekt; íhuga vel Matt. 26, 40—45. Satan er guð myrkursins, nóttin sefur, dagurinn vakir Drottni til dýrðar.

Fæturnir höfðu fylgt í Orðinu þar til þær voru logandi málmur í öllu sem Orðinu, eða Guðs-ríki tilheyrði, alvaran, hreinleikinn. og tilveru flöturinn í Orðinu, sem Hann stóð á var glóandi málmur, sem í síhreisandi ofni.

Ög hefi lykla dauðans og helvítis, það er að segja, fullkomin ráð yfir báðum. Allt stóð opið fyrir Honum. Þegar menn deyja, fer andinn í sinn fyrirhugaða stað, vel eða illa, þar til dóm-

Ég er Jesús sem þú ofsækir!

Stuttu eftir að himnarnir opnuðust og englasskarar dýrðarinnar lofsungu Guði og vegsömuðu Hann við fæðingu Frelsarans, hófst Heródes konungur handa, að ofsækja hinn nýfædda Konung Gyðinga, þó honum væri ljóst að Hann væri hinn fyrirheitni mannkyns Frelsari. Hann sendi út og lét myrða öll sveinbörn í Betlehem og öllum nálægum héruðum tvævetur og þaðan af yngri, í þeim tilgangi að deyða Hann, sem kom til að gefa öllum eilíft líf.

Þannig rís maðurinn í stærilæti sínu upp á móti Almáttugum Guði, til að eyða Hans ríki og afmá Hans vald, svo að dauðinn megí halda velli. Þegar Drottinn Jesú hóf sitt opinbera frelsisverk, var Hann ofsóttur af djöflinum, sem freistaði Hans, og lagði allt kapp á að eyðileggja Hans verk, svo hann fengi haldið hinu fallna mannkyni í eilífum syndafjötrum.

Þegar Hann var að kenna lýðnum og boða þeim Fagnaðarerið, var Hann ofsóttur af æðstu prestunum, sem óttuðust að missa sitt vald yfir lýðnum.

Þegar Hann var að lækna hina sjúku, var Hann ofsóttur af Faríseunum, sem urðu sem æðisgengnir, af því Hann laut ekki þeirra reglum.

Þegar Jesús uppvakti Lazarus voru þeir ráðnir í að deyða hann líka, því hans vegna trúðu margir á Krist.

urinn er ákveðinn. Því andinn, blásinn í mannsins nasir, sem partur af Guði, gat ekki dáið. En á íslenzku máli er munurinn milli Heljar og helvítis sá að „Heljar“ meinar stundlegur eða eilífur dauði án meðvitundar. En „Helvíti“ meinar eilífur dauði með meðvitund og kvöl. Fyrir utan Krist er Guð eldur. Foreldrar sækja börn sín inn í eld, þótt það geti kostað þeirra líf. En Guð er betri en foreldrar í Kristi. Að vera úr Guðs alstaðar nálægð, þar sem Guði og Krists kvölum er ekki dýrðin gefin, er eilífur eldur með meðvitund, úr því andinn sem Guð blés í manninn gat ekki dáið, og Krists kvöl óbærileg.“

Þannig sjáum við Hann alltaf ofsóttann. Þegar Hann var dæmdur, ofsótti lýðurinn Hann og sagði: „Komi Blóð Hans yfir oss og yfir börn vor.“

Þá er Hann hékk á krossinum var Hann ofsóttur. Og jafnvel þeir, sem með Honum voru krossfestir smánuðu Hann.

Konungar jarðarinnar risu upp og höfðingjarnir tóku sig saman gegn Drottni og Hans Smurða, bæði Heródes og Pontius Pílatas ásamt heiðingjum og lýðum Ísraels.

Stjórnarvöld heimsins bæði kirkjuleg og veraldleg, hafa um allar liðnar aldri ofsótt Krist, og lærisveina Hans allt til dauða og útrýmt þeim er á Hann trú, og unnið að því að afmá það ljós, sem skein af himni, til að rjúfa hið mikla svartnætti, sem yfir heiminum grúfði. Hvert ár og hver dagur, síðan Jesús kom í heiminn, segja frá og vitna um ofsóknir á hendur Honum og lærisveinum Hans.

Enginn hefir verið ofsóttur á líkan hátt og Herrann Jesús. Enginn verið eins hreinn og Hann! Óhreinkleikinn kom því svo greinilega í ljós. Allt hið óhreina, sem hafði getað notið sín í myrkrinu, hafði nú ekkert viðþol. Annað hvort varð hinn óhreini heimur að gefast upp og ganga Kristi á hönd, eða ofsækja Hann og afmá, svo að allt gæti hulist í sama myrkrinu og áður.

Hvernig áttu æðstuprestarnir að þola, að Jesús ungur að aldri og þekkingarlaus, að þeirra dómi, ásakaði þá og ávítaði, drægi fólkið til sín og gengi fram hjá öllum þeirra erfikenningum og siðvenjum?

En Sál, sem enn þá blés ógnum og manndrápum gegn lærisveinum Drottins, gekk til æðsta prestsins og beiddist bréfa af honum til Damaskus til samkundnanna, til þess ef hann fyndi einhverja þessa vegar, hvort heldur karla eða konur, þá mætti hann fara með þá í böndum til Jerúsalem.

Í staðinn fyrir að setjast niður og íhuga Ritningarnar og sjá þær alstaðar rætast og uppfyllast í Kristi, leggur hann leið sína til útlanda, með umboð og vald frá æðsta presti Gyðinga, í þeim ákveðna tilgangi að ofsækja Drottinn, með því að eyða kenningum Hans og lærisveinum. Þegar Drottinn Jesús sjálfur mætir honum í ljósi dýrðar sinnar, á hinn eftirminnilega hátt,

Drottinn er enn að lækna

Líði nokkurum illa yðar á meðal, þá biðji hann; liggi vel á einhverjum, þá syngi hann lofsöng. Sé einhver sjúkur yðar á meðal, þá kalli hann til sín ölduga safnaðarins, og þeir skulu smyrja hann með olíu í Nafni Drottins og biðjast fyrir yfir honum; og trúarbænin mun gjöra hinn sjúka heilan og Drottinn mun reisa hann á fætur, og þær syndir, sem hann kann að hafa drýgt, munu honum verða fyrirgefna.

Játið því hver fyrir öðrum syndir yðar og biðjið hver fyrir öðrum, til þess að þér verðið heilbrigðir. Kröftug bæn réttlát manns megnar mikið. Jak. 5. 13—16.

Ég var veikur í baki í mörg ár og gekk til lækni og batnaði ekki, ég var búinn að heyra af lækningum þjóns Drottins, sem bæði fyrir sjúkum. Þar var beðið fyrir mér og ég varð al-bata. Drottinn Jesús læknaði mig líkamlega. Hann hefir líka leyst mig með þínu sinni og dauða frá syndinni.

Guði sé lof og dýrð í Drottni vorum Jesú Kristi.

Biðjið, og yður mun gefast; leitið, og þér munið finna; knýið á, og fyrir yður mun upplök-ið verða. Matt 7. 7.

Hann hefir friðþægt mig við Guð og blessaði sannleiks Andinn, leiðir í allan sannleika. Þú útréttir þína hendi blessaði Drottinn og mettar allt, sem lifir með náð.

Þitt Orð er lampi fóta minna og ljós á vegi mínum. Sálm. 119, 105.

Ég get glaður vitnað um það, að Drottinn Jesú er Frelsari minn, sem ekki vill dauða syndarans heldur að hann snúi sér og lifi og verði erfingi eilífs lífs.

Ég þakka þér Guð að þú hefir fundið mig og frelsað mig frá synd dauða og glötun. Ég þakka þér allar þær náðarríku velgjörðir, sem þú hefir veitt mér syndugum og veikum, af ríkdómi þinn-ar náðar.

Skapa í mér hreint hjarta, ó Guð, og veit mér af nýju stöðugan Anda. Sálm. 51, 12.

Þórarinn Þórðarson.

talar til hans og segir: Ég er Jesús sem þú of-sækir.

Á líkan hátt hafa syndarar allra alda ofsótt Drottinn, og unnið að því með yfirlögðu ráði, að eyðileggja Hans Orð og frelsisverk. Heilar þjóðir hafa sameinast í að útrýma kenningum Hans, Orði og áhrifum.

Þegar Drottinn ritaði ekki á steina, sem hægt var að brjóta, eða á pappír, sem hægt var að brenna, heldur á hjartaspjöld síns lýðs, hélt of-sóknaræðið áfram gegn þeim, svo að miljónir þíslavottar létu lífið.

Ekki voru æðstu prestar Gyðinga heldur í vandræðum, þegar rómversku hermennirnir, sem héldu vörð við gróf Krists sáu upprisu undrin og skýrðu þeim frá þeim. — Segið þér: Lærisveinar Hans komu á næturþeli og stálu Honum, á meðan vér sváfum.

Margir hafa tekið undir þennan orðróm, bæði í ræðu og riti og farið að ráði æðstu prestanna, og myrkvað ráðsályktanir Guðs sér og fjölda mörgum til handa.

Einar Einarsson.

Bæn

Elskaði Jesú, Anda gef mér þinn.

Elskaði Jesú, þú ert Drottinn minn.

Ástkæri Jesú, ég er veik og smá.

Elsku með þinni, vert mér stöðugt hjá.

Gef mér þá trú, sem gleði vekur mér.

Gef mér þá trú, ég sé í fylgd með þér.

Gef mér þá trú, sem glæðir þrek í raun.

Gef mér þá trú, sem hlýtur sigurlaun.

Þú ert mitt líf, mitt ljós, mín æðsta von.

Lifandi Jesú, heilagi Guðs Son.

Leið mig, og styð mig, Lífsins Herrann kær.

Líkna mér, drag mig sífellt nær, þér nær.

*Guðrún Guðmundsdóttir
frá Melgerði*

Hegningin

sem vér höfðum til unnið, kom niður á Honum.

Framseldur fyrir þrjátíu silfurpeninga.

Svikinn með kossi.

Handtekinn með sverðum og bareflum.

Þeir báru á Hann guðlast.

Dæmdu Hann til lífláts.

Þeir bundu Hann.

Hræktu á Hann.

Slógu Hann með stöfum.

Húðstrýktu Hann.

Klæddu Hann úr Hans eigin klæðum, og lögðu yfir Hann skarlatslita kápu.

Settu á Hann þyrnikórónu.

Settu reyrstaf í hönd Hans.

Slógu Hann í höfuðið.

Féllu á kné frammi fyrir Honum, hæddu Hann og sögðu: Heill vertu, Gyðinga Konungur!

Þeir hrópuðu. Hann skal krossfestur, og báðu um Barrabas ræningjann.


Vér höfum engan konung nema keisarann.

Hrópuðu: Komi Blóð Hans yfir oss og yfir börn vor.

Skiptu klæðum Hans og köstuðu hlutum um.

Kölluðu Hann svikara.

Innsigliðu gröfina og settu varðmenn yfir.



Guði sé lof fyrir Jesú Krists frið

Eftir að Jesús Kristur var upprisinn og birtist lærisveinum sínum með himneska ávarpinu: *Friður sé með yður!* Þá opinberaði Hann vilja Guðs. Það er að öllum yrði boðaður friður þeirrar dýrðar, er Kristur Jesús samdi með dauða sínum. Með því að Hann með þíslum sínum og kvölum ávann allt hið tapaða með kærleika sínum. *Misgjörð þín er burttekin og friðþægt er fyrir synd þína.* Jes. 6, 7.

Hann hinn fyrirlitni var þyrnum krýndur, vegna minna synda. Ég hafði haft óvininn fyrir höfuð, því sá, sem við hlýðum er vor faðir. Jesús sagði við Gyðingana: *Ef Guð væri faðir yðar, þá elskuðuð þér mig!* Jóh. 8, 42. Þér eigið djöful-

inn að föður, og það sem faðir yðar gírnist er yður ljúft að gjöra. Jóh. 8, 44.

Þeir færðu Hann í purpurakápuna, því öll mín syndaverk voru smáanarleg fyrir augliti Guðs. Hann tók högginn mín á sig. Ég átti ekkert annað inni hjá Guði, en að vera afhöggvin. Hann var hæddur. Ég hafði slept af vegsemdinni að vera Guðs barn og var nakin. Því ég hafnaði Sannleiks boðum Guðs. Hann var dæmdur til krossfestingar, af því að ég var bölvuð í syndinni. Hann var deyddur fyrir mig, svo ég mætti fyrir Hans fórnardauða, erfa eilíft líf. Blessunin er Hann bjó mér, með fyrirgefningu syndanna, með eilífum frið, svo synd dauði og glötun er af Honum sigrað, fyrir alla sem sættina þiggja.

Svo er nú engin fyrirdæming fyrir þá sem til heyra Kristi Jesú. Róm. 8, 1.

Hann er upprisinn, sem fullkominn sigurvegari yfir öllu, sem óvinarins er. Allt í Kristi er gjöf

Frelsarinn fann mig

Vegna Guðs náðar og kærleika Krists, er mitt erindi til ykkar að minna ykkur á að lesa Bibliuna. Og skyggnast inn í hversu dýrðleg fyrirheit Drottins eru þeim til handa sem Honum hlýða.

Enginn getur hlýtt nema hann lesi Guðs Orð og læri reglurnar, sem hann skal hlýða, og sem gilda í Himnaríkinu. Skal þá fyrst minna á stærsta fyrirheit Guðs. Fyrirheitið til Abrahams. Og af þínu afkvæmi skulu allar ættkvíslar jarðarinnar blessun hljóta. Við sjáum að þetta fyrirheiti eiga allir menn sameiginlega, þó Abraham einn tæki á móti því. Jesús er blessunin, sem Drottinn lofaði Abraham. Hann fæddist í Betlehem um það bil 2000 árum eftir að fyrirheitið var gefið. Dýrð Drottins birtist hirðunum og ljómi Guðs hátignar lýsti upp lög og láð, og englaskarinn fyllti geiminn, fagnandi og syngjandi Drottni lof og dýrð. Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu með þeim mönnum, sem Hann hefir velþóknun á. Lúk. 2,14.

Jóhannes skírari vitnaði að þessi fyrirheitna blessun væri að koma í heiminn. Hið sanna ljós, sem upplýsir hvern mann, var að koma í heiminn. Jóh. 1, 9.

Hann kom til eignar sinnar, og Hans eigin menn tóku ekki við Honum. En öllum þeim, sem tóku við Honum, gaf Hann rétt til að verða Guðs börn; þeim sem trúu á Nafn Hans. Jóh. 1, 11—12.

Guðs, í fullkominni elsku og kærleika. Allt er falt til allra frá Hans blessaða friðarborði. Hann þráir að gefa. Hann leitar og kallar og allir sem leita Jesú Krists hins krossfesta, eiga það eitt víst, að finna Hann. Mundu að vegurinn er fyrirgefnar syndir fyrir Hans heilaga Sáttmálablód útrunnið á krossinum. *En þér vitið að Hann hefir birt, til þess að burt taka syndir, og í Honum er ekki synd.* I Jóh. 3, 5.

Guði sé lof fyrir Jesúm Krist og Heilagan Anda.

Friður sé með öllum er Jesúm Krist elska.

Guðrún Jónsdóttir.

Nú er það mitt hlutskipti að elska Jesú Krist og benda ykkur á, að lesa Orð Guðs, og biðja Hann að fyrirgefa ykkur, þá látið þið af afbrotunum og brjótið ekki á móti Guðs boðorðum. Þegar freistingin kemur þá biðjum við Jesú um hjálp. Hans er sigurinn. Hann yfirvann allar freistingar fyrir okkur. Hann er forðabúið gefið af himna Föðurnum okkur til handa og bænin er lykill, sem þið eigið að knýja á með, svo náðarbrunnur Guðs renni til ykkar í blessuninni. Guð verður aldrei leiður á að bænheyra réttláta menn. Því að augu Drottins eru yfir hinum réttlátu og eyru Hans hneigjast að bænum þeirra, en auglit Drottins er gegn þeim, sem illt gjöra. I Pét. 3, 12.

Ég þakka þér blessaði Jesú Kristur fyrir að þú leitaðir að mér, með heilaga blessaða náðar Orðinu þínu. Já, ég þakka þér lifandi Guð og Almáttugur eilífur Faðir, fyrir að ég má vera barnið þitt, fyrir milligöngu Drottins vors Jesú Krists. Blessaði Jesú, ég þakka þér, að þú gafst okkur Faðirvorið og kenndir okkur að biðja. Drottinn kenn mér að hlýða Orðinu þínu og lifa eftir því. Já, blessaði Jesús gef mér náð til að hlýða þér og kosta kapps um að vera þér þóknanlegur og gjöra mína útvalningu vissa, á meðan ég er að heiman frá þér. Eftir dauðann kemur dómurinn. Já, blessaði Jesú, gef mér náð til þess að ég sé mér alltaf meðvitandi þess, að ég er útlendingur hér á jörðinni og mitt heimili er hjá þér, náðarríki Faðir í himneskum Föðurhúsum fyrir fórnardauða Drottins Jesú. Eg þakka þér fyrir að þú gafst mér náð til að þiggja sættina, sem þú keyptir mér til handa með blessuðum kvölum þínum og krossdauða og úthellta heilaga fórnar Blóði þínu á krossinum, þar sem þú varst hæddur, hrjáður, hrakinn og smánaður vegna minna synda. Það voru mín harmkvæli, sem þú á þig lagðir.

Þann sem þekkti ekki synd, gjörði Hann að synd vor vegna, til þess að vér skyldum verða réttlæti Guðs í Honum. II Kor. 5, 21.

Kristján Ó. Sveinsson.

Jesús svarar þér!

En er Jóhannes heyrði í fangelsinu um verk hins Smurða, gjörði hann Honum orðsendingu með lærisveinum sínum og lét segja við Hann: Ert þú sá sem koma á, eða eigum vér að vænta annars? Matt 11, 2—3.

Svarið sem Jóhannes fékk frá Jesú var þetta. Blindir fá sýn og haltir ganga, líkþráir hreinsast og daufir heyra, og dauðir upprísa og fátækum er boðað Fagnaðarerindi. Matt. 11, 5.

Ef þú kemur til Jesú, þá er svarið til þín, það sama, sem Jesús svaraði Jóhannesi. Hið fullkomna svar, sem tekur í burtu allan efa úr hjarta þínu, um hver sá er, sem gjörði miskunnarverkin og hefir mátt til þess. Jesú gjörir hér sömu verk í dag og Hann gjörði á sínum hævistardögum, ef þú vilt aðeins þiggja hjálp og miskunn Hans.

Það þarf enginn að efast um, hver Jesú var og er, sem les Hans Orð og þiggur hjálp, sem Hann af náð vill veita einum og sérhverjum, sem trúir að Hans heilaga Blóð útrann á krossinum á Golgata sem lausnargjald fyrir alla menn. Hann opnaði dyr að dýrð Guðs þér til handa og biður þér að ganga inn um og setjast til borðs með sínum heilögu.

Þá tók Hann að ávita borgirnar, sem Hann hafði gjört flest kraftaverkin í, fyrir það að þær höfðu ekki gjört iðrun. Matt 11, 20.

Er ekki hjarta þitt borg sem þarf að gjöra iðrun frammi fyrir Guði og biðja um fyrirgefningu á syndum og löstum?

Ef þú ert ekki viss um að þú eigir eilíft líf fyrir náð Guðs þá snúðu þér í bæn til Drottins og lestu Hans Heilaga Orð með biðjandi og leitandi hjarta að sannleikanum og lofaðu Jesú að vinna hjartaborg þína Guði til handa.

Komið til mín, allir þér, sem erfiði og þunga eru hlaðnir, ég mun veita yður hvíld. Matt. 11, 28.

Það er alveg víst að það er enga hvíld að fá nema hjá Jesú. Hann einn er megnugur að veita þér hvíld og frið sem hver einasti maður þarf að hafa í hjarta sínu.

Það getur enginn gefið það, sem hann hefir ekki sjálfur. Heimurinn er friðvana og allir sem

Sjá, allt er orðið nýtt

Sjá, hönd Drottins er eigi svo stutt, að Hann geti ekki hjálpað, og eyra Hans er ekki svo þykkt, að Hann heyri ekki.

Jes. 59, 1.

Þökk sé Guði fyrir sína óumræðilegu gjöf, sinn blessaða Eingetna Son og blessaða Heilaga Andann.

Sá, sem trúir á Guðs Son, hefir vitnisburðinn í Honum, sá sem ekki trúir Guði, hefir gjört Hann að lygara, af því að hann hefir ekki trúað á þann vitnisburð, sem Guð hefir vitnað um Son sinn. Og þetta er vitnisburðurinn, að Guð hefir gefið oss eilíft líf, og þetta líf er í Syni Hans. Sá sem hefir Soninn, hefir lífið; sá sem ekki hefir Guðs Son, hefir ekki lífið. II. Jóh. 5, 10—12.

Fyrir Guðs náð er ég glöð að fá tækifæri til að vitna um að Jesús Kristur er Frelsarinn minn. Hann er sá eini, sem hefir vald og mátt til að fyrirgefa syndir og hreinsa af öllu ranglæti og gefa eilíft líf. Með því sjálfur að gerast friðþæg-ingarfórnin fyrir mína synd og friðþægja mig við Guð, með sínu heilaga fórnarblóði og gefa mér óverðugri sitt réttlæti af náð. Það eina réttlæti sem gildir fyrir Guði.

Því meðan ég var í syndinni, var ég laus við réttlætið. Það sýnir oss Guðs Orð.

Ég vil þakka, lofa og vegsama minn blessaða dýrmæta Frelsara. Ég vil þakka fyrir þá náð, miskunn og þann kærleika, sem Hann hefir auðsýnt mér og mínum á margvíslegan hátt, þá er ég hefi leitað til Hans, þá hefir Hann ávalt verið hinn sami, bjargið sem ekki bifast, náðugur, miskunnsamur, fljótur að líkna, lækna, hugga, gleðja, styrkja og gefa sín undra ráð. Hann er Undraráðgjafinn og gjafarinn allra góðra hluta. Hann er hinn sami og Hann var á hævistardögum sínum, þá er Hann gekk um kring, gjörði gott og græddi alla, sem af djöflinum voru undirokaðir.

af heiminum eru. Allir sem hafa ekki þegið hjálpræði Drottins, sem er eilíft líf í Frelsara vorum Jesú Kristi.

Frímann Ingvarsson.

Ég get ekki látið það vera, að minnst á eitt af mörgum máttarverkum Drottins mér til handa.

Það var sumarið 1941 að sonur minn, sem þá var 9 ára gamall, varð fyrir slysi, fótbrotnaði mjög illa (opið brot). Hann var búinn að liggja í fleiri vikur mjög þungt haldinn. Fyrir mönnum sýndist það ómögulegt að hann fengi heilan fót.

Lofað og vegsamað sé Nafn Drottins. Það sem er ómögulegt fyrir mönnum er mögulegt fyrir Guði. Þá fékk ég náð til að snúa mér til Drottins. Ég fór til þjóns Drottins og bað um fyrirbæn fyrir barnið. Þá fékk ég að sjá og þreifa á, að hönd Drottins, er ekki svo stutt að Hann geti ekki hjálpað og eyra Hans ekki svo þykkt að Hann heyri ekki.

Dýrð og lof og þakkir séu mínum blessaða Frelsara Drottni Jesú Kristi, fyrir náð Hans og Hans blessuðu benjar varð hann heilbrigður. Frá þeirri stundu hefir Drottinn verið okkar lækni, við höfum notið náðar Hans og verndar. Lofað veri Nafn Drottins, sem hefir valið fyrir mig góða hlutann, að mega vera í fylgdinni með Honum.

Sigríður Ottósdóttir

Kristur kemur.

Jörðin skelfur, björgin bresta.
Bliknar sérhver tign og völd.
Við opinberan Herrans hæsta,
himnar, djúp og stjarna fjöld.
Drjúpa höfði, er dýrðin stærsta,
dagur yfir nýrri öld.

Halldóra Einarsdóttir

1. tbl. 1949 2. árg.

Gefið út af Sjálfseignurstofnuninni Austurgötu 6, Hafnarfirði. Sími 9075. Afgr.
á sama stað.

Ritnefnd:

*Einar Einarsson, Frímann Ingvarsson
Ögmundur Jónsson.*

ALMENNAR SAMKOMUR

*boðun Fagnaðarerindisins Austurgötu 6
Hafnarfirði.*

Sunnudaga kl. 2 og 8 e.h.

Þriðjudaga kl. 8 e.h.

Fimmtudaga kl. 8 e.h.

Laugardaga kl. 8 e.h.

*Þeir sem hafa bústaðaskipti eru beðnir
að gera afgr. aðvart sömuleiðis, ef ein-
hver fær ekki blaðið með skilum.*

*Um leið og Fagnaðarboði hefur nú ann-
an árgang sinn, viljum við með þakklæti
minnast hinnar miklu og almennu vel-
vildar er hann hefir notið, og þakka öll-
um velunnurum hans fyrir hinar góðu
móttökur og mörgu gjafir er honum hafa
borist. — Við biðjum Drottinn að blessa
ykkur öll og launa eftir ríkdómi náðar
sinnar og kærleika.*

*Fagnaðarboði kemur út þrisvar á ári 8
bls. Verð 1 kr. blaðið 3 kr. árg.*

Vestanhafs 1/2 dollar.